

að sömu niðurstöðu og undirdómarinn, að hinn stefndi eigi að vera sýkn af öllum kærnum og kröfum áfrýjandans í máli þessu, og er þá ekki þörf á að rannsaka, hvort hin átöldu ummæli eru sönn eða ekki; ber því að staðfesta undirrettardóminn bæði að aðalefninu til og að því er snertir málskostnað í hjerði, eins og áfrýjandanum þá einnig ber að endurgjalda hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er virðist hæfilega metinn 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur bæjarþingsrjettarins á óraskaður að standa. Áfrýjandinn, Kristján bóksali Þorgrímsson, greiði hinum stefnda, Birni adjunct Ólsen, málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr 6/1883

Kr. Ó. Þorgrímsson  
gegn  
Birni M. Ólsen.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reyjavíkur kaupstaðar 17. ágústmán. f. á., var áfrýjanda þessa máls, Kr. Ó. Þorgrímsson, fyrir prentuð ærumeiðandi ummæli um hinn stefnda, Björn Magnússon Ólsen, dæmdur til að lúka 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til að sæta einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin ekki yrði greidd í ákveðinn tíma.

Svo voru og hin átöldu meiðyrði dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi dæmdur til að endurgjalda hinum stefnda málskostnað með 15 krónum. Þessum dómi áfrýjaði Kr. Ó. Þorgrímsson til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 10. febrúarmán. þ. á., og hefur hann þar krafizt, að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum hins stefnda, og hæfilegur málskostnaður dæmdur á hinn stefnda, en til vara, að sekt áfrýjanda verði, ef hann ekki verður dæmdur sýkn, sett svo lág, sem frekast verði. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi, sem hefur gagnáfrýjað málinu, krafizt, að hann verði sýknaður af öllum kærnum áfrýjandans, að sekt sú, sem aðaláfrýjandi er dæmdur í fyrir undir rjettinum, verði hækkuð sem lög framast leyfa, en bæjarþingsdómurinn að öðru leyti staðfestur, svo og, að aðaláfrýjandinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir yfirrjettinum.

Meiðyrði þau, sem málið er risið útaf, og átalín eru af gagnáfrýjanda, stóðu í 11. blaði Þjóðólfs, er út kom 17. maímán. f. á., í grein, sem byrjaði þannig: „Ekki batnar Birni enn“. Er greinin undirskrifuð: „áheyrandi“.

Með því þannig enginn hafði nafngreint sig sem höfund greinarinnar, lögsókti hann útgefanda og ábyrgðarmann blaðsins, Kr. Ó. Þorgrímsson. — Hin átöldu meiðyrði eru: „að herra Björn sje annaðhvort dæmalaust lítilmenni, ellegar þá það, sem hann mundi kalla lygari“, „þá hlýtur hann að vera lítilmenni eða löðurmenni“, „þá getur hann ekki verið annað en lygari“, „þá hætti hann stundum ekki við fyrr en hann sje búinn að gjöra þeim staðinn alveg óskiljanlegan“, „óskammfeilinn“, „að hann

hafi visvitandi viljað draga sjer það, sem aðrir áttu, og sem kallað er að hnupla“, „slikt geta allir, sem eru nógu blygðunarlausir að bera á móti sannleikanum“, „það er eigi reynt að hann hafi drengskap til að segja satt“, „talar kannske nokkuð bögubósalega stundum með bjarnarlegum aðburðum eins og vita-skuld er“, og „B. vill þó ekki eigna sjer allt þegar við það þarf að standa“. — Aðaláfrýandi telur sig eiga að vera sýkn af kærum gagnáfrýjanda sumpart af því, að hin átöldu ummæli ekki sjeu meiðandi, og sumpart af því, að þau sjeu lögleg retorsio, eða að móðgun þeirri, er „áheyrandi“ áður hafi orðið fyrir af hendi gagnáfrýjanda í grein, sem áður hafði staðið í Þjóðólfi, sje með þeim snúið uppá gagnáfrýjanda, sbr 221. grein hegningarlaganna. En á þessa skoðun getur yfirdómurinn ekki fallizt. Hafi grein gagnáfrýjanda haft að geyma ærumeiðandi ummæli um áheyranda, þá var þeim alls ekki beint að ritstjóranum, aðaláfrýjandanum, og getur hann því ekki notið góðs af ákvörðun þeirri um retorsio, sem felst í 221. gr. hegningarlaganna; einnig verður yfirdómurinn að álíta, að hin átöldu ummæli sjeu meiðandi fyrir gagnáfrýjandann. Gagnáfrýjandinn hefur nú haldið því fram, að þessi ummæli muni ekki rjett dæmd eptir 219. gr. hegningarlaganna, heldur hefði átt að dæma þau eptir 217. og 218. gr. sömu laga, og hefði sektin því átt að vera miklu hærri og jafnvel hin hæsta sekt, sem ákveðin er í síðast nefndum greinum, eða þá í 219. greininni, þyki henni rjettilega beitt, því meiðyrðin sjeu svo gifurleg. En yfirdómurinn álitur, að hin átöldu meiðyrði sjeu þess eðlis, að þau sjeu rjett

dæmd eptir 219. gr. hegningarlaganna, og hvað upphæð sektarinnar snertir, þá virðist hún einnig hæfilega metin þegar tillit er haft til eðlis greinar þeirrar, er þau standa í. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og einnig ákvæði hans um málskostnað. Fyrir yfirdómi virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 8/1883

Alþm. E. Egilsson

gegn

Kristjáni sýslum. Jónssyni.

Dómur:

Með því að lög ekki heimila að taka dagpeninga og ferðakostnað setudómara í einkamáli lögtaki, eins og átt hefur sjer stað með fógetagjörð þeirri, sem hjer er áfrýjað, þá ber að dæma tjæða lögtaksgjörð ómerka ex officio, og fellur þá málskostnaður fyrir yfirdóminum niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð á ómerk að vera. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.